

Nr. 39.  
3. nóv.

## Lög

um

Þjóðskjalasafn Íslands.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Reykjavík skal vera allsherjar þjóðskjalasafn fyrir Ísland, og skal í því geymast Landsskjalasafnið, sem nú er, og svo alt það skjala, er síðar kann frammar að varða ákveðið. Þjóðskjalasafnið stendur undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands, og setur það safninu reglugjörð.

2. gr.

Við Þjóðskjalasafnið skipar ráðherra Íslands yfirskjalavörð, og hefir hann á hendi daglega umsjón og störf við skjalasafnið. Hefir hann 3000 kr. árslaun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

***Einar Arnórsson.***